

Beiðni um klínískt nám á lyf- og skurðlækningasviði

Mikilvægar dagsetningar fyrir nemendur sem sækja um verknám á lyf- og skurðlækningasviði eru

- Umsóknarfrestur fyrir verknám að sumri er til 1. des (sumarönn maí-ágúst/sept)
- Umsóknarfrestur fyrir verknám á haustmisseri er til 1. feb (haustönn sept-des)
- Umsóknarfrestur fyrir verknám á vormisseri er til 1. ágúst (vorönn jan-maí)

Útfyllt umsókn skal berast til Huldu Pálsdóttur, verkefnastjóra á menntadeild, sími 543-1415, huldap@landspitali.is. Með umsókn skulu eftirfarandi gögn berast:

- Staðfesting á skólavist frá háskóla, þar sem fram komi á hvaða ári nemi er í námi og hvenær gert er ráð fyrir að námi ljúki
- Listi yfir lokin námskeið og listi yfir námskeið sem verður lokið þegar starfsnám hefst
- Meðmælabréf frá einum yfirmanni sem getur staðfest frammistöðu umsækjanda í klínísku starfi eða frammistöðu sem nemanda í heilbrigðisgrein

Mat umsókna:

Við mat á umsóknum verður tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Staða náms; þeir nemar sem lengst eru komnir í námi hafa forgang
2. Ef umsóknir eru metnar jafnar og pláss ekki næg verður hlutkesti varpað

Vakin er athygli á skjölum sem gagnleg eru fyrir nemendur sem koma í verknám á LSH. Þessi gögn er að finna á þessari slóð: <https://www.dropbox.com/home/Landsp%C3%ADtalinn2019-nemar%20fr%C3%A1%20erlendum%20sk%C3%B3lum>

Hulda Pálsdóttir, verkefnastjóri

Menntadeild Landspítala

Skaftahlíð 24, 1. hæð suðurhús